


GREINARGERÐ.

Staðsetning deiliskipulagsreitsins er Skjólshólar í sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagsreiturinn er tæpur hektari aðstærð (9.240 m²) og afmarkast af núverandi þjóðvegi, Hafnarvegi (99), til vesturs og girðingu og skurði til norðurs og austurs, síðan lína dregin yfir ræktaðland til suðurs.

Ekki er til deiliskipulag af reitnum og er hann í gildandi aðalskipulagi skilgreindur á landbúnaðarsvæði [L] en fyrir liggur breytingartillaga þar sem þessi reitur verður merktur sem verslunar- og þjónustusvæði [VÞ] í aðalskipulagi.

Deiliskipulagsreiturinn er hnitsettur.

Fyrirhugað er að útbúa aðstöðu fyrir ferðafólk og koma upp allt að sjö smáhýsum til útleigu.

Samráðs- og samstarfsaðilar umhverfis- og skipulagsnefndar vegna deiliskipulagsins hafa verið skipulagsráðgjafar við gerð aðalskipulags, íbúar og atvinnurekendur á svæðinu.
Deiliskipulag svæðisins kallar ekki á sérstakt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Neysluvatn verður fengið úr stofnæð sveitarfélagsins sem liggur í námunda við svæðið. Rotþró er hugsuð sem lífræn hreinsiþró sem þarfnast ekki síubeðs (anerobix rotþró með síu) og hentar vel fyrir þá byggð sem hugsuð er á svæðinu.

Veghelgunarlína stofnvega er færð inn en hún er 30m frá miðlínu vegar skv. vegalögum. Hafnarvegur (99) er þjóðvegur og fyrirhugaður byggingareitur er amk. 50 m frá honum.

Svæðið er gróið og engin mannvirki eru á svæðinu.
Engar fornminjar eru þekktar á svæðinu. Þar eru þó tóttir af gömlu fjárhúsi.
Hafa skal í huga að ef áður óþekktar minjar koma í ljós viðframkvæmdir skal fara í einu og öllu eftir 2. málsgrein 24. gr. Minjalaga nr.80/2012.

A Umsagnaraðilar um deiliskipulagið eru auk bæjastjórnar, Heilbrigðiseftirlit Austurlands HAUST, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofa Suðausturlands, Umhverfisstofnun, Vegagerðin og Minjastofnun.

*Markmiðdeiliskipulagsins.*

Markmið með deiliskipulaginu er að afmarka reit til þess að koma upp smáhýsum ásamt aðstöðu til að þjónusta þau.

Afmarkaður er sérstakur reitur þar sem sameiginleg rotþró verður staðsett og geymsluskúr fyrir áhöld. Afmarkaðir eru tveir byggingareitir innan deiliskipulagsreitsins þar sem húsunum sjö verður komið fyrir.

Smáhýsin munu verða einna hæða með möguleika á svefnlofti. Byggingareitir eru hafðir rúmgóðir.



STAÐSETNING DEILISKIPULAGS Í AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI 2012-2030

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í______________________________

þann __________ 20__ og

í ____________________________

þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá__________ 20__

með athugasemdafresti til _________ 20__ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt

í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20_

______________________________

HNITASKRÁ

| | | |
|---|---|---|
| 1. | X=684620.5934 | Y=425890.1785 |
| 2. | X=684682.4511 | Y=425861.9227 |
| 3. | X=684712.0763 | Y=425852.2944 |
| 4. | X=684727.3888 | Y=425834.6172 |
| 5. | X=684742.5301 | Y=425802.5883 |
| 6. | X=684620.4057 | Y=425788.9248 |
| 7. | X=684593.4174 | Y=425834.8448 |

A ASK - GBB ASK - GBB 28.11.2017
Nöfn umsagnaraðila voru bætt og leiðrétt. Í stað Skipulagsstofnunar og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands HSSA koma Heilbrigðiseftirlit Austurlands HAUST, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofa Suðausturlands, Umhverfisstofnun

**SKJÓLSHÓLAR**
**DEILISKIPULAG**

**SVEITARFÉLAGIÐ**
**HORNAFJÖRÐUR**

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
HAFNARBRAUT 27
780 HORNAFJÖRÐUR

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is

VERKEFNI
SKJÓLSHÓLAR
SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFIRÐI

TEGUND TEIKNINGAR
DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
HEITI TEIKNINGAR
DEILISKIPULAG OG GREINARGERÐ

MKV. Í A1: 1:500
HANNAÐ: GBB
TEIKNAÐ: ASK
YFIRF.: ASK
DAGS.:

VERK NR.: 1721
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 05-01
ÚTGÁFA: A

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.